

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995 – 2015, Jófríðarstaðir-Skuld.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. maí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að í stað verslunar- og þjónustusvæðis (gróðrarstöð) kemur íbúðarsvæði við Reynihvamm og Lynghvamm, svæði fyrir þjónustustofnanir merkt S36 stækkar, svæði fyrir þjónustustofnanir merkt S37 minnkar og hluti þess verður íbúðarsvæði og hluti opið svæði til sérstakra nota. Einnig er skilgreind hverfisvernd á opnu svæði til sérstakra nota og felst hverfisverndin í því að hvorki má raska landi né hrófla við minjum. Vegna breytinganna eru gerðar tilfærslur á stofnstíg sem liggur gegnum svæðið.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. maí 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar 1992 – 2012, Beitistaðir í Leirár- og Melahreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. maí 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Breytingin felst í því að landnotkun á hluta jarðarinnar Beitistaða (28,8 ha) meðfram þjóðvegi nr. 504 á svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði verður breytt í frístunda- og íbúðarbyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Leirár- og Melahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. maí 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*